



# Gjaldeyrismarkaðurinn

## Mánaðarlegt yfirlit


30. maí 2018

- Evran hefur áfram haldið sig á bilinu 120-125 krónur þennan mánuð.
- Bandaríkjadollar hefur hins vegar styrkst nokkuð síðasta mánuð. Í lok dags í gær var evru/dollar krossinn kominn niður í 1,16, en var 1,24 fyrir um mánuði síðan.
- Veltan á gjaldeyrismarkaði í febrúar, mars og apríl var einungis 8 ma.kr. á mánuði í samanburði við 53 ma.kr. á mánuði á sama tímabili í fyrra. Veltan hefur því dregist saman um 85%.
- Dagsveiflur íslensku krónunnar gagnvart evru (flökt) virðast vera hættar að minnka. Eru þær nú um helmingur af dagsveiflum norsku og sænsku krónunnar gagnvart evru.
- Á fyrstu fjórum mánuðum ársins jukust innlán innlendra aðila á I.G. reikningum um 26,6 ma.kr. Mesta aukningin var í Bandaríkjadollurum.
- Raungengið hækkaði um 0,3% milli mánaða í apríl og er nú 1,8% hærra en fyrir ári síðan.

	29.5.2018	MTD	YTD	1M	3M	12M
GVT	159,7	0,7%	-1,2%	0,4%	-0,6%	7,0%
EUR	122,9	0,7%	-1,0%	0,3%	-0,6%	9,8%
USD	105,7	4,6%	2,2%	4,7%	4,3%	5,7%
GBP	140,6	1,2%	0,7%	1,1%	0,9%	9,8%
DKK	16,5	0,7%	-1,1%	0,4%	-0,6%	9,7%
NOK	12,9	2,3%	2,4%	1,7%	0,6%	8,0%
SEK	12,0	3,8%	-4,9%	2,8%	-1,9%	4,2%
CHF	106,4	4,4%	0,2%	4,1%	-0,8%	3,7%
JPY	0,97	4,5%	5,2%	4,4%	1,7%	7,5%

Heimild: Thomson Reuter Eikon

Gengisþróun




Síðasta dags. 29. maí. 2018


Heimild: Thomson Reuters Eikon




Af gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar hefur sænska krónan lækkað mest.




Veltan á gjaldeyrismarkaði í febrúar, mars og apríl var einungis 8 ma.kr. á mánuði.




Flóktið á evru/krónu krossinum hefur verið nokkuð stöðugt síðasta mánuðinn eða svo.




Flókt íslensku krónunnar gagnvart evru eru orðnar minni en sveiflur sænsku og norsku krónunnar gagnvart evru.



Seðlabankinn hefur ekki gripið inn í á markaði síðan í nóvember 2017.




Óveruleg breyting hefur orðið á gjaldeyrisforðanum síðustu mánuði.



\*) Gjaldyrisforði að frádrægnum heildarskuldum SÍ og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum.




Um 148 þúsund erlendis gestir fóru um Leifstöð í apríl.




Heimild: Ferðamálastofa

Það er 3,9% fækkun milli ára. Erlendum ferðamönnum fækkaði síðast milli ára í september 2010.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. apr. 2018  
Heimild: Ferðamálastofa

Samkvæmt bráðabirgðatölum var 1,4 ma.kr. halli af vöruskiptum við útlönd í apríl.




Heimild: Hagstofa Íslands

Á fyrstu 4 mánuðum ársins fluttum við út meira af sjávarafurðum og iðnaðarvörum en í fyrra.




Breyting milli fyrstu 4 mánaða 2017 og 2018  
Heimild: Hagstofa Ísland

Greiðslukortajöfnuður var jákvæður um 1,8 ma.kr. í apríl í samanburði við 6,9 ma.kr. í apríl 2017.



Mánaðarleg gögn, síðasta dags. apr. 2018  
Heimild: Seðlabanki Íslands


Seðlabankinn gerir ráð fyrir að viðskiptajöfnuður verði jákvæður um 1% af VLF að meðaltali árin 2018-2020.



Heimild: Seðlabanki Íslands




Raugengið hækkaði um 0,3% milli mánaða í apríl og er 1,8% hærra en fyrir ári síðan.




Mánaðarleg gögn. Síðasta dags. apr. 2018  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Frá áramótum hafa innlán innlendra aðila í Bandaríkjadollurum aukist um 23 ma.kr.



Mánaðarleg gögn. Síðasta dags. 30. apr. 2018  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Vaxtamunur við evru hefur hækkað lítillega á lengri enda vaxtarófsins.



Síðasta dags. 28 mar. 2018  
Heimild: Thomson Reuters Eikon

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara. Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti. Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.